

**Ed. 270. Frumvarp til laga [149. mál]**  
um breyting á lögum nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Af veitingabréfum fyrir embættum og sýslunum í þarfir ríkisins greiðist gjald, er ákveðst eftir launaflokkum kjarasamninga opinberra starfsmanna þannig:

Embætti í I. til IV. flokki .....	kr. 300.00
Embætti í V. til XIII. flokki .....	— 450.00
Embætti í XIV. til XXIII. flokki .....	— 600.00
Embætti í XXIV. til XXVIII. flokki .....	— 750.00

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði um gjald af veitingabréfum fyrir embættum og sýslunum er nú að finna í 31. gr. laga nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs. Eru í lögnum ákvæði um mismunandi hátt gjald fyrir skipunarbréf eftir því hvaða launaflokki samkv. launalögum embætti það tilheyrði, sem starfsmaður var skipaður í. Svo sem kunnugt er, eru embætti nú ekki lengur flokkuð eftir ákvæðum launalaga, heldur kjarasamningum við opinbera starfsmenn, og er því þörf að breyta ákvæðum aukatekjulaga til samræmis við breytta skipan þessara mála. Reynt hefur verið við ákvörðun gjaldflokka í frv., að komast sem næst þeirri skiptingu, sem gilt hefur til þessa og er gjaldið ákveðið óbreytt í hverjum gjaldflokki, að viðbættum þeim 50%, sem gjaldið hækkaði um með 21. gr. laga nr. 4 20. febrúar 1960, um efnahagsmál.